



Fundargerð 64. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 06. maí 2022, kl. 09:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Reykjanesbæ.

Mætt eru: Magnús Stefánsson (formaður), Sigurgestur Guðlaugsson, Arnbjörn Ólafsson, Fannar Jónasson, Berglind Kristinsdóttir, Ásgeir Eiríksson, Hanna María Kristjánsdóttir, Sigrún Elefsen

Fjarfundur: Árni Sigfússon

Forföll: Jóhann Snorri Sigurbergsson, Þuríður Aradóttir Braun

Starfsmenn: Daníel Einarsson

1. Gjaldtaka á Reykjanesi

Staða málsins kynnt fyrir stjórn. Stjórn samþykkir að Reykjanesbær ásamt Reykjanes jarðvangi vinni málið áfram.

2. Staða verkefna í uppbyggingu ferðamannastaða

Eldvörp er á Landsáætlun um uppbyggingu innviða en þar er búið að vinna hönnun bílastæðis og göngustígs um einn gíginn til að sporna við hentistígum. Útlit er fyrir að endurskoða þurfi fyrirbyggjandi hönnun svæðisins þannig að verkefnið rúmist innan styrks LUI.

Brimketill áfangi 2 – verkefnið er styrkt af framkvæmdasjóði ferðamannastaða um 15mkr og verkið er hafið. Smíðin á pallinum er lokið og nú stendur yfir vinna við að bora fyrir undirstöðum og flytja pallinn á svæðið. Samhliða þessu er unnið að viðgerðum á skemmdum á útsýnispallinum og bættu aðgengi. Áætluð verklok eru í byrjun júní.

Þorbjörn deiliskipulag og hönnun – Verkefnið er vel á veg komið og áætluð verklok eru snemma hausts 2022.

Þjónustumiðstöð við Reykjanesvita - hönnun – verkefnið hlýtur styrk frá framkvæmdasjóði ferðamannastaða árið 2022 að upphæð 13.4 mkr.

3. Ráðstefna European Geoparks Network 26.-30. september 2022

Dagsetning ráðstefnunnar lögð fram til kynningar fyrir stjórn og að henni sé velkomið að sækja ráðstefnuna.

4. Geopark-vikan 2022

Vikan verður dagana 30. maí – 5. júní með eftirfarandi þema: Hvað gerir Geopark. Markmiðið er að kynna starf jarðvangsins með raunverulegum dæmum um verkefni, vörur o.s.frv.. Dagskrá verður kynnt með tilheyrandi hætti með fyrirvara.



5. Önnur mál

Stjórn þakkar fráfarandi stjórnarmanni og fyrrum formanni Ásgeiri Eiríkssyni fyrir sín störf allt sem hann hefur lagt til í þágu Reykjanes jarðvangs.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.15

Fundargerð ritaði: Daníel Einarsson